

Nd.

485. Nefndarálit

[144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er um framlengingu á álagningu sjúkratryggingagjalds og hefði komið til greina að styðja að framgangi þess, ef ríkisstjórnin hefði gætt meiri hófsemdar í öðrum skattaálögum.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 er skattvísitalan ákveðin 150 miðað við 100 árið áður. Talið er að tekjubreyting á milli árunna 1980 og 1981 verði a. m. k. 52—53% að mati Þjóðhagsstofnunar. En við afgreiðslu fjárlaga var reiknað með 50% tekjuhækkun milli ára og skattvísitalan ákveðin í samræmi við það og áætlun sjúkratryggingagjalds við þá áætlun miðuð. Það er ljóst, að tekjur af tekju- og eignarskatti og sjúkratryggingagjaldi fara langt fram úr áætlun samkvæmt fjárlögum. Þær efnahagsaðgerðir, sem ríkisstjórnin hefur staðið að á þessu ári, lækka skatta um 72 millj. kr. á þessu ári, en nýir skattar og vanáætlaðar tekjur af tekju- og eignarskatti og sjúkratryggingagjaldi nema 176 millj. kr.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir þessum skattahækkunum og því fálmi, sem einkennir allar aðgerðir þessarar ríkisstjórnar, og leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. mars 1982.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.